

1. mál 2018. Skýrsla kirkjuráðs.

Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir prestvígðir menn. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi en kirkjuráð var kosið á kirkjuþingi 2014 til fjögurra ára. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sr. Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon, bóndi og Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir bóndi, Einar Karl Haraldsson framkvæmdastjóri, sr. Gísli Jónasson og sr. Geir Waage.

Starfsemi kirkjuráðs

Almennt

Um störf kirkjuráðs fer eftir lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs. Ráðið úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári (kirkjuþingsárinu) hélt ráðið tíu reglulega fundi auk tveggja aukafunda. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

Starfshópar kirkjuráðs

Starfshópar kirkjuráðs eru fjármálahópur, kirkjustarfs/fasteignahópur og lagahópur. Þeir eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

Starfsfólk kirkjuráðs

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs er Oddur Einarsson. Annað starfsfólk kirkjuráðs eru Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason arkitekt, verkefnisstjóri á fasteignasviði og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuráðs, sviðsstjóri fasteignasviðs kirkjumálasjóðs og lögfræðingur kirkjuþings.

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Reglulegt kirkjuþing, 56. kirkjuþing 2017, var haldið í Vídalínskirkju og hófst hinn 11. nóvember 2017. Hinn 15. nóvember var því frestað og framhaldið 10. mars 2018.

Alls voru 22 mál á dagskrá þingsins og 19 þeirra voru afgreidd frá því. Eitt mál var dregið til baka, einu máli var vísað frá þinginu og eitt mál var ekki afgreitt. Kirkjuráð lagði fram sex mál, biskup Íslands flutti fimm mál, löggjafarnefnd þrjú mál, kirkjuþing unga fólksins eitt mál og þjóðmálanefnd eitt mál. Þingmannamál voru sex.

Aukakirkjuþing var haldið í Neskirkju hinn 30. mars 2017. Tvö mál voru á dagskrá og voru þau bæði afgreidd frá þinginu.

Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykktu kirkjuþings.

Ályktanir og samþykktir 56. kirkjuþings 2017 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim.

Mál 56. kirkjuþings sem vísað var til kirkjuráðs eða kirkjuráð ákvað að taka á dagskrá sína voru tekin fyrir á (2)72. fundi kirkjuráðs hinn 12. desember og þar afgreidd með eftirgreindum hætti:

1. 1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings.

Kirkjuþing 2017 ályktar um mikilvægi þess að bæta stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing ályktar að tímabært sé að auka samstarf og sameiningu sókna, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og tekur undir það að Jöfnunarsjóður sókna veiti sóknum sem sameinast fjárstyrki vegna þess. Forseti kirkjuráðs lagði til að sérstakt átak verði gert til að tryggja máli þessu framgang.

Kirkjuþing ályktar að starfshópur um skírnarfræðslu, sbr. áfangaskýrslu á fylgiskjali með skýrslu kirkjuráðs, sem lögð hefur verið fram á kirkjuþingi til kynningar, haldi áfram störfum og leggi fyrir næsta kirkjuþing tillögur sínar í samræmi við framangreinda áfangaskýrslu. Lagt til að veitt verði einni milljón króna í verkefnið.

2. 7. mál. Þingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.

Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á

kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná markmiðum í ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Kirkjuráð ályktar að starfsliði þess verði falið að vinna að framgangi málsins.

3. 8. mál. Þingsályktun um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2017 ályktar að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar, eins og kveðið er á um í jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar frá 2009, með síðari breytingum. Skulu að jafnaði sitja þar að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Kirkjuráð fylgi því eftir að við þessi viðmið sé staðið eins og kostur er.

4. 10. mál. Þingsályktun um ráðningu jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2017 samþykkir að fela kirkjuráði að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa og ráða í hana. Um hálf starf er að ræða og mun jafnréttisfulltrúinn vinna náíð með jafnréttisnefnd kirkjunnar að framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar auk þess að vinna að jafnréttismálum kirkjunnar almennt. Hér er um tilraunaverkefni til fimm ára að ræða.

Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að leggja drög að lýsingu á umbúnaði starfsins og auglýsingu um það og kynna kirkjuráðsmönnum fyrir næsta fund.

5. 11. mál. Þingsályktun um Víkurgarð í Reykjavík.

Kirkjuþing 2017 felur kirkjuráði að koma á framfæri við þar til bær stjórnvöld að lög og reglur um niðurlagða kirkjugarða séu virt hvað varðar Víkurgarð í Reykjavík. Ennfremur vill kirkjuþing benda á að í 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum, segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófests (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“

Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að koma ályktuninni á framfæri við rétt yfirvöld.

6. 16 mál. Þingsályktun um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar. Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020.

Kirkjuráð ályktar að umhverfisnefnd og starfsmaður hennar vinni að framgangi áætlunarinnar.

7. 18. mál. Þingsályktun um að auka tengsl þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.

Kirkjuþing 2017 samþykkir að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu sem

miði að því að kirkjuþing 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um fulla aðild að samtökunum.

8. 19. mál. Starfsreglur sem samþykktar voru á kirkjuþingi og birtar í Stjórnartíðindum.

Upplýst var að fjórar starfsreglur sem kirkjuþing 2017 samþykkti hefðu verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsreglurnar eru þessar:

- a. Breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum, var birt 27. nóvember og er nr. 1024/2017.
- b. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar voru birtar 8. desember og eru nr. 1074/2017.
- c. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings voru birtar 8. desember og eru nr. 1075/2017.
- d. Breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum, var birt 8. desember og er 1076/2017.

9. Uppstillingarnefnd.

Fram kom tillaga um að kirkjuráð skipi uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar skv. 1. mgr. 18. gr. starfsreglnanna.

10. 6. mál. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að eðlisbreyting hefði orðið á starfi organista með samþykkt starfsreglnanna og líklegt að kærumálum myndi fjölga. Jafnframt að ráðning til eins árs í senn væri ekki líkleg til árangurs.

11. Fyrirspurnartími á kirkjuþingi.

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að verið væri að blanda saman undirbúnum og óundirbúnum fyrirspurnum. Forseti kirkjuþings upplýsti að tvær greinar í þingsköpum fjölluðu um fyrirspurnir. Gert væri ráð fyrir að sá sem fyrirspurn beindist að hefði 24 stundir til að undirbúa svar sitt. Spurning væri hvort nýs kirkjuþings biði að endurskoða þingsköp kirkjuþings hvað þetta varðaði. Fram kom sú hugmynd að skilafrestur fyrirspurna til kirkjuþings yrði sá sami og mála sem lögð eru fyrir þingið.

12. Fundartími framhaldsfundar kirkjuþings.

Forseti kirkjuþings lagði fram tillögu um að framhaldsfundur kirkjuþings yrði 10. mars 2018 í Vídalínskirkju. Tillagan var samþykkt.

Kirkjuþing unga fólksins 2017.

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupsstofu hinn 26. maí 2018.

Kirkjuþingsfulltrúar voru 13 talsins frá sjö prófastsdæmum ásamt fulltrúa frá KFUM/K. Berglind Hönnudóttir úr Reykjavíkurprófastsdæmi eystra var kjörinn forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþingi hinu almenna.

Átta mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni, breytingar á starfsreglum voru ofarlega í huga kirkjuþingsfulltrúanna. Kirkjuþing unga fólksins lætur sig varða umhverfismál og hvetur kirkjuna til að vera ávallt leiðandi á þeim vettvangi.

Málaskrá KUF 2018.

Kirkjuþing unga fólksins um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.

Kirkjuþing unga fólksins fagnar ákvörðun hins almenna kirkjuþings að styrkja og efla þátttöku ungs fólks í stjórnsýslu kirkjunnar. Það er mikilvægt skref til að styrkja stöðu unga fólksins innan þjóðkirkjunnar og hvetja þau áfram í starfi, sem og að styrkja framtíð kirkjunnar. Eins og margoft hefur verið sagt er unga fólkíð framtíðin og þess vegna þykir okkur mikilvægt að fá að taka þátt í að móta framtíðarstefnu kirkjunnar okkar. Við hlökkum til að sjá þær tillögur að breytingum á starfsreglum sem biskupi Íslands, forsætisnefnd kirkjuþings og kirkjuráði var fengið að móta og leggja fram á kirkjuþingi 2018.

Kirkjuþing unga fólksins um aðskilnað ríkis og kirkju.

Kirkjuþing unga Fólksins ályktar svo að frekari aðgerðir þjóðkirkjunnar eigi að stuðla að aðskilnaði ríkis og kirkju. Kirkjan hefur engin raunveruleg not fyrir það að vera bundin ríkisvaldinu. Kirkjan á að sjá um sinn söfnuð á eigin spýtur og mál kirkjunnar ættu að vera mál kirkjunnar, eingöngu.

Umhverfismál kirkjunnar.

Á hinu almenna kirkjuþingi 2017 var samþykkt að „útrýma einnota plastmálum úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árslok 2018.“ Þá beinir kirkjuþing unga fólksins því til hins almenna kirkjuþings, og kirkjuráðs eftir því sem við á, að setja starfsreglur svo tryggja megi eftirfylgni þeirra samþykktar kirkjuþings 2017.

Pappírslaust kirkjuþing.

Kirkjuþing unga fólksins hvetur hið almenna kirkjuþing að gerast pappírslaust.

Pappírslaust kirkjuþing hefur um tíma verið hugsjón fyrir framtíð kirkjuþing. Kirkjuþing unga fólksins hefur nú þegar verið haldið pappírslaust frá árinu 2015 og ætti hið almenna kirkjuþing að gera það einnig. Kirkjan hefur undanfarið verið að leggja meiri áherslu á umhverfismál og væri þetta áhrifamikil leið fyrir kirkjuþing að setja gott fordæmi.

Tækninni fer fram og sífellt auðveldara verður að skrifa og ná í skjöl í gegnum netið, þessi breyting er því orðin vel framkvæmanleg og tímabært að kirkjuþing taki þá afgerandi afstöðu að verða pappírslaust.

Tillögur að breytingum á starfsreglum.

Kirkjuþing unga fólksins samþykkti tillögur að breytingum að starfsreglum er varða þingsköp, skipan og fjölda fulltrúa milli prófastsdæma og lengingu á kirkjuþingi unga fólksins í tveggja daga þing yfir helgi.

Verkefni kirkjuráðs.

Fyrsti fundur kirkjuráðs eftir 56. kirkjuþing var 272. fundur og var haldinn hinn 12. desember á síðasta ári. Alls urðu fundir kirkjuráðs 12 á kirkjuþingsárinu eins og áður hefur komið fram og var síðasti fundur fyrir núverandi kirkjuþing sá (2)83. í röðinni. Í skýrslu þessari verður vísað til fundanna um gjörðir kirkjuráðs í númeraröð og til hægðarauka verður einungis vísað til þess tugar sem þeir tilheyra. Þannig verður 272. fundur nefndur 72. fundur, 273. fundur verður nefndur 73. fundur o.s.frv. Einungis verður fjallað um mál sem tekin voru á dagskrá og hlutu þar afgreiðslu af hálfu ráðsins eða skuldbindandi ákvörðun var tekin um.

Verkefni kirkjuráðs á fasteignasviði.

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á tíu af tólf fundum kirkjuráðs á starfsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var tekið fyrir mál er varðaði aðilaskipti að réttindum er varða mannvirki og hugsanlegan leigurétt að Saurbæjarlandi í landi Saurbæjar, fnr. 210-4374 í Hvalfjarðarsveit. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við aðilaskiptin og samþykkir þau fyrir sitt leyti. Þá var tekið fyrir erindi RARIK o.h.f. vegna endurnýjunar á háspennulínu að Melstað í Miðfirði. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samkomulagsins og áritar það til staðfestingar. Þá var tekið fyrir erindið Reykhólar, prestbústaður, tilboð um kaup á íbúð í raðhúsi. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samninga við byggingaraðilann, felur fasteignasviði málið og framkvæmdastjóra að undirrita yfirlýsinguna. Þá var tekið fyrir erindið Reykholtsskógar, samningur. Kirkjuráð samþykkir samninginn, felur ábúanda að undirrita hann og framkvæmdastjóra að staðfesta hann f.h. kirkjumálasjóðs. Að lokum var tekið fyrir mál er varðaði Staðastað, auglýsingu um laust embætti. Kirkjuráð ályktar að hlunnindi jarðarinnar verði undanskilin í auglýsingunni með sama hætti og fordæmi eru fyrir. Jörðin verði ekki afhent nýjum sóknarpresti fyrr en niðurstaða fæst í deilur um landamerki. Ákvörðun um að undanskilja hlunnindin verði eftir atvikum endurskoðuð þegar starfshópur um hlunnindamál prestsetursjarða lýkur störfum.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 var tekið fyrir erindið Glaumbær, Sauðárkrókslína 2, erindi Landsnets. Lagt var fram erindi Landsnets ásamt lýsingu á línustæði og samþykkisyfirlýsingu. Stjórnarmaður Landsnets, Svana Helen Björnsdóttir kirkjuráðsmaður vék sæti við afgreiðslu málsins. Kirkjuráð samþykkir erindið.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekið fyrir erindið Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við lóðarblaðið og telur það vera í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn um landamerki jarðanna. Þá var tekið fyrir Skálholtsbúið, úttekt skv. ábúðarlögum. Kirkjuráð hefur kynnt sér skýrsluna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Á (2)75. fundi hinn 9. mars 2018 var lagt fram erindið Valþjófsstaður, tilboð sveitarfélagsins í landspildu. Ákveðið að gera gagntilboð við fram komið tilboð. Þá var lagt fram erindið Miðfjarðará, erindi Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar viðhaldsframkvæmdar á brú á Miðfjarðará. Farið er fram á leyfi landeiganda jarðarinnar Melstaðar fyrir framkvæmdinni. Kirkjuráð samþykkir erindið. Framkvæmdastjóra falið að koma á framfæri þeirri ábendingu að framkvæmdatími geti haft neikvæð áhrif á veiði í Miðfjarðará. Þá var lagt fram erindið Hof í Vopnafirði, búsetuskylda, erindi sóknarprests en í því fer hann fram á að verða leystur undan því að sitja prestsetursjörðina Hof í Vopnafirði. Kirkjuráð ályktar að orðið verði við erindi sóknarprestsins. Þá var lagt fram kauptilboð í jörðina Árnes 1. Kirkjuráð ályktaði að hafna tilboðinu enda jörðin ekki á sölulista kirkjupings. Að lokum var lögð fram úttektarskýrsla vegna jarðarinnar Hraungerði í Flóahreppi. Kirkjuráð samþykkti að óska eftir yfirmati samkvæmt ábúðarlögum.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var lagt fram erindið Valþjófsstaður, Landsnet, Kröflulína 3, tilboð um bætur vegna línulagnar.

Kirkjuráð samþykkti tilboðið. Þá var lagt fram erindið Fjarðarskel ehf. Forkaupsréttur kirkjumálasjóðs. Kirkjuráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum enda meti fasteignasvið að slíkt gangi ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs. Þá var lögð fram yfirmatsgerð vegna tjóns í Saurbæ af völdum hitaveitulagnar.

Kirkjuráð samþykkir yfirmatsgerðina og felur lögmonnum sínum að ganga til samninga um málið á grundvelli hennar. Þá var lagt fram erindið Hörgársveit, Glæsibær, aðalskipulag, skipulagslýsing. Kirkjuráð gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna og tekur undir álit kirkjugarðaráðs um hana, dags. 4. apríl 2018. Kirkjuráð bendir á að eðlilegt sé að leita álits sóknarnefndar Möðruvallaklaustursóknar og kirkjugarðsstjórnar. Þá var lagt fram erindið Langanesbyggð, Skeggjastaðir, ljósleiðaralagning. Kirkjuráð fellst á erindið og veitir heimild til að Langanesbyggð leggi ljósleiðara um land kirkjumálasjóðs að Skeggjastöðum. Kirkjuráð samþykkir jafnframt að óska eftir að fá ljósleiðarann tengdan við fasteign sjóðsins að Skeggjastöðum, sbr. erindið. Þá var lagt fram erindi varðandi aðalfund Veidifélags Árnesinga. Kirkjuráð samþykkir að fela Drífu Kristjánsdóttur formanni Tungufljótsdeildar Veidifélags Árnesinga umboð til að fara með atkvæði Kirkjumálasjóðs í veiðifélaginu vegna jarðanna Mosfells og Skálholts á aðalfundi veiðifélagsins 2018. Að lokum var lagt fram erindi fráfarandi sóknarprests að Laufási í Eyjafirði varðandi

tímabundna nýtingu útihúsa í námsleyfi sínu. Kirkjuráð samþykkir erindið enda gangi það ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs.

277. fundur kirkjuráðs sem haldinn var hinn 27. apríl 2018 var aukafundur og þar engin fasteignamál á dagskrá.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 var samþykkt tillaga fasteignahóps um viðhald prestbústaðarins að Holti í Önundarfirði. Þá var jafnframt staðfest umboð sóknarprestisins í Vopnafirði til setu í stjórn veiðifélags Hofsár. Einnig var samþykkt afgreiðsla starfshópsins varðandi breytingar á lóðamörkum í Reykholti og ábúanda falið að leiða málið til lykta. Lagt var fram erindi varðandi leyfi til fornleifarannsókna á jörðinni Odda á Rangárvöllum og leyfið samþykkt. Að lokum var lagt fyrir málið Valþjófsstaður, línulögn. Málið hafði áður verið á dagskrá 276. fundar og þar samþykkt. Fram hafði komið nýtt og hærra tilboð um bætur vegna línulagnar um jörðina. Kirkjuráð samþykkir hið breytta tilboð og áritar það til samþykkis landeiganda. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að undirrita önnur skjöl málsins.

Á (2)79 fundi hinn 12. júní 2018 var tekið fyrir málefni er varðar hlunnindi prestssetursjarða, tillaga fasteignahóps þess efnis að hópnum verði falið að leggja fram hugmyndir, komi ekki fram tillögur frá nefndinni sem skipuð var árið 2016 svo kirkjuráð geti lagt málið fyrir komandi kirkjuþing 2018. Tillaga starfshópsins samþykkt. Að lokum samþykkti kirkjuráð erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi lagningu ljósleiðara að Mælifelli.

Á (2)80 fundi hinn 21. ágúst 2018 var tekin fyrir fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs, dags. 20. ágúst 2018. Tekið fyrir erindi leigjanda kirkjumálasjóðs varðandi viðhald Valþjófsstaðar. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að honum verði heimilaðar lagfæringar á útihúsum á eigin kostnað. Tekið fyrir kautilboð kirkjumálasjóðs í fasteignina Sunnuvegur 4 á Þórshöfn. Kirkjuráð staðfestir kautilboðið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá kaupunum. Tekið fyrir málið Reykholtsskógar, samningur um leigu lands og ræktun skóga. Samningurinn lagður fram. Kirkjuráð staðfestir samninginn og fagnar verkefninu.

Á (2)82. fundi hinn 9. október var tekin fyrir fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs, dags. 8. október 2018. Tekinn var fyrir liður 2, hlunnindi af prestssetursjörðum. Lögð fram tillaga starfshópsins að breytingu á 23. gr. starfsreglna nr. 950/2009. Kirkjuráð samþykkir að tillagan verði lögð fyrir komandi kirkjuþing.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á alls ellefu fundum á starfsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var lögð fram fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 8. desember 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir biskupsstofu, kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018. Kirkjuráð samþykkti þær með fyrirvara um framlög á fjárlögum. Áætlanirnar voru birtar sem fylgiskjöl með fundargerð fundarins. Þá voru lagðir fram ársreikningar kirkjumálasjóðs og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 var tekin fyrir og samþykkt fjárhagsáætlun Skálholts.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekinn fyrir ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2016 og samþykktur. Jafnframt samþykkt tillaga um að fjármálahópur kirkjuráðs vinni tillögur um að snúa við halla sjóðsins.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 voru lögð fram drög að húsaleigusamningi vegna Laugavegar 31. Kirkjuráð fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 var tekin fyrir fundargerð fjármálahóps frá 8. júní. Tekinn fyrir 3. liður, Egilsstaðakirkja, styrkur til viðhalds. Samþykktur styrkur úr Jöfnunarsjóði sókna að fjárhæð 5 m.kr. á þessu ári. Jafnframt samþykkt vilyrði fyrir 10 m.kr. styrk árin 2019 og 2020 gegn staðfestingu viðskiptabanka sóknarinnar á fjármögnun framkvæmdarinnar.

Á (2)81. fundi hinn 20. september 2018 var lagður fram þjónustusamningur vegna Strandarkirkju. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Á (2)83. fundi hinn 29. október 2018 voru lagðar fram rekstraráætlanir biskupsstofu og sjóða og stofnana þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019 og ályktaði kirkjuráð að þeim skyldi vísað til kynningar á komandi kirkjuþingi og eftir atvikum til umfjöllunar í fjármálahópi kirkjuráðs að því loknu, til undirbúnings endanlegrar ákvörðunar á desemberfundi ráðsins.

Önnur verkefni en þau er varða fjármál og fasteignir.

Málefni Skálholts.

Málefni Skálholts voru til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti á níu fundum kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var kynnt arkitektasamkeppni vegna breytinga á vígslubiskupshúsi í Skálholti og ákveðið var að sækja um styrk úr húsafriðunarsjóði 2018 vegna verkefnisins: Viðgerð á gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju. Þá var kynntur samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyrtæki vegna uppbyggingar í Skálholti og ákveðið að bjóða fulltrúum fyrirtækisins til fundar við stjórn Skálholts.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 voru til umfjöllunar skógræktarmál og framhald búskapar í Skálholti. Lögð fram drög að skógræktarsamningi við Skógræktarfélag Íslands. Þá var einnig samþykktur samningur um biskupsþjónustu og staðarhald í Skálholti sem gildi þar til nýr vígslubiskup í Skálholti hefur verið vígður og hefur tekið við embætti sínu.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekin fyrir og samþykkt endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar. Þá var lögð fram skýrsla Brunavarna Árnæssýslu með niðurstöðum úr eldvarnaskoðun og umsögn vegna gistileyfis til handa staðnum fyrir allt að 36 manns. Að lokum var lagt fram dómnefndarálit vegna hugmyndasamkeppni um vígslubiskupshús.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var til umfjöllunar bókun 44. fundar stjórnar Skálholts varðandi uppbyggingu í Skálholti. Samþykkt var tillaga um að rætt verði við ráðgjafa um framhald málsins og aðkomu ráðgjafarfyrtækis að málinu. Þá var lagt fram byggingarbréf til handa Skálholtsbónda.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 var tekin fyrir beiðni um staðfestingu kirkjuráðs á því að Skálholtsstað sé heimilt að innheimta fast gjald af hverjum hópferðabíl sem hefur viðkomu með ferðamenn. Kirkjuráð samþykkti erindið. Þá var greint frá viðræðum við ráðgjafa um aðkomu hans að uppbyggingarmálum í Skálholti. Samþykkt var ályktun þar sem fagnað var aðkomu ráðgjafans að málefnum Skálholts, hann boðinn velkominn til samstarfs og framkvæmdastjóra falið að leggja drög að samningi við hann um verkið.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 var lögð fram skýrsla um heildarkostnað af rekstri Skálholts árið 2017.

Á (2)80. fundi hinn 21. ágúst 2018 var fjallað um verkefnið Skálholtskógar, samningur um leigu lands og ræktun skógar. Samningurinn var lagður fram. Kirkjuráð staðfesti samninginn og fagnaði verkefninu.

Á (2)83. fundi hinn 29. október 2018 ályktaði kirkjuráð að veitt yrði skilyrt veðleyfi til handa ábúanda Skálholtsjarðarinnar vegna uppgjörs hans við forvera sinn.

Önnur mál sem kirkjuráð fjallaði um á kirkjuþingsárinu og rétt þykir að gera kirkjuþingi grein fyrir.

Á (2)75. fundi hinn 9. mars 2018 var til umfjöllunar málið: Starfsreglur um val og veitingu prestsembættis, breytingatillaga til kirkjuþings. Kirkjuráð yfirfór tillöguna og kallaði til lögfræðing kirkjumálasjóðs og kirkjuþings sér til ráðuneytis. Kirkjuráð telur tillöguna til bóta og leggur til að hún verði hluti af heildarendurskoðun starfsreglna sem stefnt verði að því að leggja fyrir reglulegt kirkjuþing 2018. Kirkjuráð beinir því til biskups Íslands að hann leiðbeini próföstum um að varamenn verði eftirleiðis frá upphafi umsóknarferlis kvaddir til starfa við undirbúning kjörs presta. Þá var lögð fram skýrsla Skálholtsútgáfunnar til kirkjuráðs. Skýrslan er fylgiskjal með skýrslu þessari.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var fjallað um kirkjuþing 2017, framhaldsfund hinn 10. mars 2018. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Aðeins eitt mál gekk til kirkjuráðs frá framhaldsfundi kirkjuþings sem kallaði á aðgerðir af hálfu ráðsins, en það var 21. mál, Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum. Málið var samþykkt með þingskjali 58. Skrifstofa kirkjuráðs sendi samþykktina til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda eftir að hún hafði verið árituð af forseta kirkjuþings. Þá var fjallað um kirkjuþing 2018 og ályktaði kirkjuráð að kirkjuþing 2018 skyldi halda í Vídalínskirkju og hefjast laugardaginn 3. nóvember. Þá staðfesti kirkjuráð skipan uppstillingarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. kjör kirkjuþings 2017 til hennar. Bókað var að kirkjuráð hefði móttengið fundargerð nefndarinnar, dags. 31. mars 2018 og fundargerð, dags. 8. apríl 2018 þar sem tilnefndir eru frambjóðendur til kirkjuþings. Að lokum var lögð fram tilkynning um ákvörðun kjörstjórnar þjóðkirkjunnar þar sem tilgreindar eru dagsetningar vegna seinni umferðar í kosningu vígslubiskups í Skálholti. Bókað var að kirkjuráð gerði ekki athugasemdir við ákvörðun kjörstjórnarinnar.

Á (2)77. fundi hinn 27. apríl 2018, sem var aukafundur, var til umfjöllunar erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar varðandi framlengingu á tíma kosningar til embættis vígslubiskups í Skálholti. Vegna mistaka sem hefðu orðið í póstdreifingu hjá Íslandspósti væri óhjákvæmilegt að framlengja þann tíma sem kosningin stendur til 14. maí nk. Greint var frá því áliti kjörstjórnar þjóðkirkjunnar að bregðast þurfi skjótt við og birta auglýsingu um þessa breytingu og því er farið fram á samþykki kirkjuráðs á þessari ákvörðun, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna. Kirkjuráð samþykkir erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 ályktaði kirkjuráð að skipa sr. Örnun Grétarsdóttur formann stjórnar Skálholtsútgáfunnar.

á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 voru lögð fram erindisbréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs og starfslýsing lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs. Bókað var að kirkjuráð hefði gert nokkrar breytingar á texta skjalanna og samþykkt þau svo breytt. Samkvæmt 3. gr. gildandi starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum, skal erindisbréf framkvæmdastjóra ráðsins kynnt á kirkjuþingi. Erindisbréfið ásamt starfslýsingu lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs eru fylgiskjöl með skýrslu þessari.

Á (2)81. fundi hinn 20. september kynnti lögfræðingur kirkjuþings og kirkjuráðs frumvarp til starfsreglna um breytingu á ýmsum starfsreglum þjóðkirkjunnar. Málinu var vísað til lagahóps kirkjuráðs.

Í skýrslu þessari hefur verið leitast við að greina frá öllum þeim málum sem tekin voru á dagskrá kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu og afgreidd voru með ákvörðun eða skuldbindandi samþykkt. Um heimild er vitnað til fundargerða kirkjuráðs eins og þær eru birtar á vefsíðu kirkjuráðs.
